

Efnahagsaðgerða beðið eftir sviptingar vikunnar

Vinnuvikan hófst með látum á mánudag þegar kynnt voru kaup ríkisins á þremur fjórðu hlutum Glitnis banka fyrir brot af virði hans á markaði. Kaupin voru kynnt sem björgunaraðgerð. Hluthafar tapa háum fjárhæðum, Stoðir (áður FL Group) eru í greiðslustöðvun og Landsbankinn hefur selt hluta starfseminnar til Straums-Burðaráss. Krónan hefur hríðfallið. Óli Kristján Ármannsson fer yfir atburði viku sem segja má að hafi einkennst af óvissu og almennum ótta við þróun efnahagslífsins.

Á vettvangi ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins er þessa helgina unnið hörðum höndum að útfærslum efnahagsaðgerða sem vonir standa til að fá snúið við óheillaþróun síðustu viku. Heimildir Markaðarins herma að að því sé stefnt að kynna aðgerðir fyrir opnun markaða eftir helgina, hvort sem það verður á sunnudegi eða á morgni mánudags.

Meðal þess sem verið hefur til skoðunar er aðkoma lífeyrissjóðanna að efnahagsaðgerðum, svo sem með því að færa hingað heim eignir erlendis frá. Eignir sjóðanna nema ríflega 1.800 milljörðum króna, þarf af um 520 milljörðum í erlendum eignum. Þá mun verið að skoða möguleika á að koma á samningum um lánalínur við erlenda seðlabanka og lántökur til þess að styrkja gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Svonefndur viðbragðshópur efnahagsmála, sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneyta forsætis, fjármála og viðskipta, auk Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, er við störf um helgina, ásamt fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands, auk fulltrúa viðskiptabankanna.

Krónan í sínu lægsta gildi

Vikan sem er að renna sitt skeið á enda hefur verið viðburðarík hvað sviptingar efnahagslífsins varðar og á það jafnt við um heimavöll sem heiminn allan. Hér heima hefur fátt annað komist að en fall krónunnar en allan gærdeginn mátti fylgjast með henni dansa í kringum sitt allra lægsta gengi frá upphafi. Krónan náði nýjum lægðum á fimmtudag og endaði næstum á sama stað í gær, í 206,6 vísitölustigum, hafði styrkst um 0,14 prósent. Bandaríkjadalur kostar nú tæpar 113 krónur, pundið rétt rúmar 200 krónur, evran tæpar 156 krónur og dönsk króna tæplega 21 krónur.

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, segir ef til vill ofmælt í frétt Bloomberg-viðskiptafréttaveitunnar í gær að unnið sé að „björgunaraðgerð“ en viðurkennir að vinnulota sé í gangi og boðar aðgerðir sem liði hér til á fjármálamarkaði eins skjótt og auðið verði. Hann hefur hins vegar útilokað að leitað verði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fyrirgreiðslu. „Við erum iðnvætt þjóðfélag og fimmta auðugasta þjóð í heimi miðað við höfðatölu. Við erum að vinna að ýmsu til að auka lausafé í umferð en í þeim efnum er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki valkostur.“

Glitnir er í hópi nokkurra evrópskra banka sem síðustu daga hafa þurft að blæða fyrir gjaldþrot banka í Bandaríkjunum. „Á örfáum dögum breyttist Þórðargleði nokkurra evrópskra leiðtoga yfir vandræðagangi í bandarískum bankaheimi í að það sé ofsa-hræðsla þegar bankar riðuðu til falls í Bretlandi, Írlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Benelúxlöndunum og á Íslandi,“ segir í nýrri grein í Economist um viðbrögð við fjármálakreppu í Evrópu. Þar er bent á að áhrifin af gjaldþrotum vestanhafs hafi þó ekki verið ýkja mikil í Evrópu, einungis hafi þurft að bjarga, eða láta rúlla, einum fimm bönkum. Glitnir er í þeim hópi.

Það má segja að atburðarásin, sem getið hefur af sér samstillt átak í efnahagsmálum hér á landi, hafi hafist fyrir á föstudegi fyrir rétt rúmri viku þegar forsvarsmenn Glitnis banka leituðu til Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu. Vildi bankinn fá lán til að brúa bilið í skammtímafjármögnun og bauð veð á móti. Mat Seðlabankans og ráðlegging til ríkisstjórnarinnar var að óráðlegt væri að lána bankanum gegn þessum veðum. Forsvarsmönnum bankans var boðið að ríkið keypti sig inn í bankann með framlagi upp á 300 milljónir evra og eignaðist á móti 75 prósentu hlut með hlutafjárukningu. Forsvarsmenn



Í SEÐLABANKANUM Á MÁNUDAGSMORGUN Lárus Welding, forstjóri Glitnis, greinir frá hlið bankans á blaðamannafundi sem Seðlabankinn boðaði til. Þar voru kynnt kaup ríkisins á 75 prósentu hlut í bankanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Vikan sem er að renna sitt skeið á enda hefur verið viðburðarík hvað sviptingar efnahagslífsins varðar og á það jafnt við um heimavöll sem heiminn allan. Hér heima hefur fátt annað komist að en fall krónunnar.

bankans sáu ekki annan kost en að ganga að þessu boði, en eigendum hans þótti hart að sér gengið. Þannig talaði Jón Ásgeir Jóhannesson í kjölfarið um að fram hafi farið „stærsta bankarín Íslandssögunnar“ og Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, taldi að þjóðnýting hefði verið öþörf.

Á kynningarfundum Seðlabankans sagði Davíð Oddsson hins vegar ljóst að án þessarar aðkomu ríkisvaldsins hefði bankinn orðið gjaldþrota, þótt enn væri lítið svo að að bankinn væri traustur og hefði verið vel rekinn, enda ætti hann miklar eignir þótt hann hafi lent í lausafjárþrengingum.

Frekari samruni

Ákvörðunin um að ríkið tæki til sín hlut í Glitni hefur síðan verið umdeild og vangaveltur um að ef til vill hafi menn flýtt sér um of við að komast að þessari niðurstöðu. Ef til vill hefði þurft að huga betur að mögulegum hliðaráhrifum, sem svo komu í ljós í vikunni þegar alþjóðleg matsfyrirtæki lækkuðu láns-hæfiseinkunnir ríkisins og bankanna og traust á íslensku fjármálalífi rýrnaði mjög. Ekki dró úr þeirri gagnrýni þegar

ljóst var að hagfræðisvið Seðlabankans kom ekki að því að meta þjóðhagsleg áhrif kaupanna á bankanum og að enn liggja ekki fyrir svör um hvernig komist var að kaupverðinu eða hlutfallinu sem ríkið ætlar að taka til sín, 75 prósentunum.

Þá voru í byrjun vikunnar uppi margvíslegar hugmyndir um næstu skref og mögulega samruna Glitnis við aðra banka, svo sem þríhliða samkomulag þar sem rennt yrði saman Glitni, Straumi og Landsbankanum. Þannig vöknudu spurningar við það að strax á kvöldi mánudags funduðu með forsætisráðherra í Stjórnarráðinu bankastjórar Landsbankans auk Björgólfs Thors Björgólfssonar fjárfestis. Niðurstaðan varð hins vegar að hægja á ferðinni enda mikilvægt að gæta að jafnræðissjónarmiðum þegar ríkið er orðið meirihluta-eigandi í banka á samkeppnismarkaði.


Til frekari tíðinda dró svo á bankamarkaði hér að morgni miðvikudags þegar tilkynnt var um kaup Straums-Burðaráss á hluta af fjárfestingabankastarfsemi Landsbankans utan landsteinanna fyrir 308 milljónir evra, eða rúmlega 55 milljarða króna. Kaupin

þóttu til þess fallin að styrkja starfsemi Straums, en engu að síður hélt áfram fall á hlutabréfamarkaði hér og krónan veiktist áfram.

Á fimmtudag flutti forsætisráðherra stefnuræðu sína á Alþingi. Þar sagði hann allt benda til þess að ástandið í heimsbúskapnum ætti eftir að versna áður en til lands sæist. „Íslenskir bankar, eins og allir aðrir bankar í heiminum, heyja nú mikla varnarbaráttu með liðsinni stjórnvalda og opinberra aðila. Ég fullyrði hér að ríkisstjórn mín mun hvergi slá af í þeirri stefnu sinni að tryggja með öllum tiltækum ráðum stöðugleika fjármálakerfisins og færa þær fórnir sem nauðsynlegar kunna að verða,“ sagði hann í ræðu sinni.

Almenn skoðun virðist að nú sé komið að ögurstund og tími til aðgerða að renna út. Umdeildar aðgerðir ríkisins við kaupin á Glitni virðast síst hafa verið til þess fallnar að auka tiltrú á íslensku fjármálakerfi og um það er rætt í fjármálaheiminum að Seðlabankinn njóti ekki lengur trausts. Sé ætlunin að endurvinnna það traust þá komi sú viðleitni til með að þurfa að endurspeglast í verkum helgarinnar.

Þróun Úrvalsvísitölunnar



Gengisþróun krónunnar

